

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Strandabyggð.

Nauteyri.

Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti á fundi sínum 9. mars 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta jarðarinnar Nauteyri. Breytingin felst í að lóð nr. 6 stækkar um 129 m², úr 195 m² í 324 m². Einnig stækkar byggingarreitur og rúmar nú allt að 80 m² aðveitustöð. Gerð er breyting á skipulagsupprætti II og kafla 3.3.4. í greinargerð þar sem tafla 3-2 breytist. Um lóðirnar gilda almennir skilmálar deiliskipulagsins. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hólmavík, 29. apríl 2021.

Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2021